



Skólanámskrá 2020-2021



II. hluti

Nám og kennsla

2. bekkur

Umsjónarkennarar: Eydís Lúðvíksdóttir og Halla Karen Gunnarsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Bakgrunnsupplýsingar	3
Viðmiðunarstundaskrá	3
Íslenska	3
Stærðfræði	4
Enska.....	6
Samfélagsfræði.....	7
Lífsleikni/Art	7
Náttúrufræði	8
Upplýsinga- og tæknimennt	9
List- og verkgreinar	10
Heimilisfræði	10
Hönnun og smíði	11
Myndmennt.....	12
Textílmennt	13
Skólaíþróttir	14

Bakgrunnsupplýsingar

Í 2. bekk eru 12 nemendur, 6 strákar og 6 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónakennarar eru Eydis og Halla Karen. Eydis kennir stærðfræði og Halla Karen kennir íslensku, saman kenna þær svo ART. Ingibjörg Eyrún kennir samfélagsfræði og náttúrufræði, Gunnar kennir íþróttir, Ragnheiður Dröfn kennir heimilisfræði og textílmennt. Dagbjört Lína Kristjánsdóttir kennir smíði. Gréta kennir myndmennt, Sigurrós Sandra kennir upplýsingatækni og Þorsteinn sér um val tíma.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	6
Stærðfræði	5
Samfélags- og náttúrugreinar	6
Enska	1
Heimilisfræði	2 hálfan vetur
Myndmennt	2 hálfan vetur
Smíði	2 hálfan vetur
Íþróttir	2
Sund	1
ART	1
Val	2
Textílmennt	2 hálfan vetur
Samtals	30 kennslustundir

Íslenska

Kennari: Halla Karen Gunnarsdóttir

Vikustundir: 6 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Talað mál og framsögn, þjáfun í að koma fram og taka þátt í umræðum.
- Hlustun og áhorf, hlusta á upplestur, fara eftir munnlegum fyrirmælum, endursögn.

Lestur og bókmenntir

- Lestur, lestrarfærni, rím, hrynjandi, bókstafir, orð, setning, lesskilningur.
- Bókmenntir, vísur og ljóð, íslenskar þjóðsögur og ævintýri, persóna, söguhetja.

Ritun

- Ritun, draga rétt til stafs, stafsetning, semja ljóð og sögur, vandvirkni.

Málfræði

- Málfræði, samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn, sérhljóði og samhljóði.

Kennsluefni / kennslugögn

Skipting námsefnis eftir önnum:

1. **önn.** Stafaupprifjun, Lesbækur af leslista, sögubókin mín, ljóð, samlestrarbækur, skriftaræfingar, Litla lesrún, skrift 2, æfingabók 1, (Góður, betri, bestur) ásamt öðrum verkefnum og spilum frá kennara. Fimman
2. **önn.** Lesbækur af leslista, sögubókin mín, ljóð, samlestrarbækur, skriftaræfingar og ýmis ritunar og málfræðiverkefni frá kennara. Fimman

Sögubókin mín, Ritrún 1 og 2 (aukabækur). Litla Lesrún, efni af 123skoli.is, ýmis ljóð og æfingar í skrift og samlestrarbækur. Fimmuverkefni og annað efni frá kennara tengd viðfangsefninu.

Kennsluhættir

Unnið verður út frá aðferðum byrjendalæsis þar sem þættir íslenskunnar eru unnin út frá gæðatexta sem nemendur og kennari les í sameiningu eða einslega. Ýmis verkefni eru síðan unnið út frá textanum.

Nemendur vinna verkefni einir eða í hópum með aðstoð kennara.

Nemendur verða látnir lesa eins oft og mögulegt er í skólanum, ekki sjaldnar en tvisvar í viku. Mikil áhersla lögð á nokkra þætti íslenskunnar eins og sérhljóða, samhljóða, sérnöfn, samnöfn, samheiti, andheiti og rím sem tengjast gæðatextanum. Orð af orði/orðaforða verkefni, þar vinna nemendur fjölbreytt verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi.

Nemendur vinna með ljóð og vísur bæði myndrænt og í söng ásamt þematengdum verkefnum, sem verða unnin á fjölbreyttan hátt. Jafnframt verður gefið rými til leiks og sköpunar þar sem gengið er út frá að nemendur læri í gegnum leik. Að öðru leiti verður reynt að hafa kennsluna áhugaverða og að nemendur verði virkjaðir sem mest til þátttöku.

Heimanám

Ætlast er til að nemendur lesi heima daglega. Nemendur eiga að vinna heima annað hvort í skrift eða í sögubók nokkrum sinnum yfir veturinn. Einnig gæti orðið um eitt hvert heimanám að ræða í vinnubókum.

Námsmat

Hraðlestrarpróf lagt fyrir nemendur af og til yfir veturinn, Læsi - lesskimunarkönnun, verkefni og bækur metnar reglulega með stimplum. Kennari fylgist með ástundun og vandvirkni. Námsmat lagt fyrir af og til yfir veturinn.

Stærðfræði

Kennari: Eydís Lúðvíksdóttir

Vikustundir: 6 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þessir sjö flokkar eru: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Álykta út frá fullyrðingum og staðreyndum.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

- Skrá tölur og aðgerðatákn.
- Útskýra lausnir þrauta. Samvinna, prófa mismunandi lausnarferli.
- Talnalína margföldunartaflan, ýmis hjálpargögn.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Peningar, flokkun, tímatal, mælieiningar.

Tölur og reikningur

- Röðun talna, sætisgildi tugakerfis.
- Oddatölur, sléttar tölur, vasareiknir.

Algebra

- Talnarunur, talnamynstur, s.s sléttar tölur og oddatölur.

Rúmfræði og mælingar

- lögum hluta, eiginleikar, notagildi, flatarmyndir, mælieiningar, rúmmál.

Tölfræði og líkindi

- töflur, einföld súlurit, líkur.

Kennslufni / kennslugögn

Sprotabækur 2a og 2b, tugir og einingar, verkefni úr nýju bókinni Stærðfræðispæjarar 2. Auk þess verða notuð ýmis ljósrit, lesdæmi og þrautir .

Skipting námsefnis á annir:

1.önn. Sproti 2A nemendabók og æfingahefti, Aukabækur og e.t.v. ýmis verkefni af netinu. Einnig verða unnið með vasareikna.

2.önn. Sproti 2B nemendabók og æfingahefti,

Allan veturinn verða unnar ýmsar þrautir, aukadæmi og ljósrit eftir þörfum og getu hvers og eins.

Kennsluhættir

Kennsluaðferðir verða margvíslegar sbr., með innlögn, umræðum, verklegri vinnu, æfingum, þrautalausnum, rannsóknum, tilraunum, einstaklingslega og í hópum, stöðvavinnu. Áherslan er að nemendur verði hæfari til að takast á við stærðfræðileg viðfangsefni í hinu daglega lífi. Einnig verður áhersla lögð á að nemendur komi með sín eigin reiknirit og lausnaleyðir og geti jafnframt útskýrt fyrir kennara og samnemendum sínum hvernig hann fór að og geti einnig farið aðrar leiðir til þess að finna sömu lausn.

Heimanám

Fer eftir viðfangsefni hverju sinni. Æfingabók send heim og þau vinna nokkuð frjálst. Nemendabók send heim ,oft á mánudögum og skilað á föstudögum eftir þörfum.

Námsmat

Kannanir lagðar fyrir eftir hvern námsþátt. Vinnubækur, vinnubrögð og virkni í skóla metin og gefin umsögn.

Enska

Kennari: Silja Guðnadóttir

Vikustundir: 1 kennslustund

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum skiptast í: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni.

Hlustun

Að nemandi:

- Skilji fyriræli og leiðbeiningar kennara á ensku.
- Skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru honum kunnugleg.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni.
- Geti lesið og skilið einfaldan texta.

Lesskilningur

Að nemandi:

- Geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími, ljóðum og rappi.

Samskipti

Að nemandi:

- Skilji félagasína í samskiptum í kennslustundum.

Frásögn

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.

Ritun

Að nemandi:

- Geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnugleg efni.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun.
- Þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.

Kennsluefni / kennslugögn

Let's learn and play – efni frá Námsgagnastofnun og ýmist annað efni frá kennara.

Kennsluhættir

Unnið með margvísleg orð og texta á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er hlustun, tal, lestur og skrift.

Viðfangsefni:

Að heilsa og kveðja, tölur, litir, föt, stafrófið, líkamshlutir, fjölskyldan, árstíðir; dagar og mánuðir, veður, matur, dýr.

Heimanám

Engin heimavinna.

Námsmat

Ástundun og virkni

Samfélagsfræði

Kennari: Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum skiptast í: Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann; Hugarheimur – Sjálfsmýnd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum; Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann

Hugarheimur – Sjálfsmýnd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Kennsluefni / kennslugögn

Komdu og skoðaðu – Fjöllin, Halló heimur 1, Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu húsdýrin, verkefni tengd páskum, jólunum, árstíðirnar og ýmsar fræðibækur og fleiri heimildir sem tengjast hverju viðfangsefni fyrir sig.

Kennsluhættir

Á yngsta stigi fléttast samfélagsfræðin oft saman við aðrar námsgreinar sbr. náttúrufræði og íslensku. Lögð verður áhersla á að vinna viðfangsefnin með fjölbreytilegum kennsluháttum, sbr. einstaklingslega, í hópavinnu, gerðar tilraunir, unnið myndrænt, út frá söguaðferðinni og farið í vettvangsferðir.

Kennsluáætlun

1. önn: Halló heimur 1, sumarið og haustið, Komdu og skoðaðu fjöllin, þema tengt haustinu, umferðin, vináttu og jólunum.

2. önn: Þema tengt vetrinum og vorinu, Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu húsdýrin.

Heimanám

Engin föst heimavinna er í samfélagsfræði en af og til koma áhugaverð verkefni fyrir sem unnið er með áfram heima.

Námsmat

Metin verður vinna nemanda, áhugi þeirra á viðfangsefnum og samvinna. Skrifleg umsögn verður að vori.

Lífsleikni/Art

Kennari: Eyðís Lúðvíksdóttir og Halla Karen Gunnarsdóttir

Vikustundir: 1 kennslustund á viku en í flestum tilfellum er lífsleikni samþætt öðrum námsgreinum

Hæfniviðmið

- Efla tilfinningaþroska nemenda
- Að auka samskiptahæfni nemenda
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu.
- Að nemendur læri að taka jákvæðar og ábyrgar ákvarðanir.

Kennsluefni/kennslugögn

Unnið út frá hugmyndafræði ART og annað efni sem tengist lífsleikni.

Kennsluhættir

Hópumræður, verkefnagerð, verkleg þjálfun og bekkjarfundir.

Námsmat

Í lífsleikni er ekkert hefðbundið námsmat né einkunn. Eingöngu er gefin umsögn.

Náttúrufræði

Kennari: Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Í náttúrugreinum eru tveir flokkar hæfniviðmiða en nauðsynlegt er að viðmiðin tengist og flettist saman. Þetta eru annars vegar hæfniviðmið um verklag og hins vegar hæfniviðmið úr völdum viðfangsefnum. Hæfniviðmið um verklag skiptast í: Geta til aðgerða; Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar, gildi og hlutverk vísinda og tækni, vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og efling ábyrgðar á umhverfinu. Hæfniviðmið um viðfangsefni skiptast í: Að búa á jörðinni, lífsskilyrði manna, náttúra Íslands, heilbrigði umhverfisins og samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

Hæfniviðmið um verklag:

1. Geta til aðgerða
2. Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar
3. Gildi og hlutverk vísinda og tækni
4. Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum
5. Efling ábyrgðar á umhverfinu

Hæfniviðmið um viðfangsefni:

6. Að búa á jörðinni
7. Lífsskilyrði manna
8. Náttúra Íslands
9. Heilbrigði umhverfisins
10. Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Kennsluefni / kennslugögn

Komdu og skoðaðu – Fjöllin, Halló heimur 1, Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu húsdýrin, verkefni tengd páskum, jólunum, árstíðirnar og ýmsar fræðibækur og fleiri heimildir sem tengjast hverju viðfangsefni fyrir sig.

Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á að vinna viðfangsefnið með fjölbreytilegum kennsluháttum, sbr. einstaklingslega, í hópavinnu, gerðar tilraunir, unnið myndrænt, út frá söguaðferðinni og farið í vettvangsferðir.

Kennsluáætlun

1. önn: Halló heimur 1, sumarið og haustið, Komdu og skoðaðu fjöllin, þema tengt haustinu, umferðin, vináttu og jólnum.

2. önn: Þema tengt vetrinum og vorinu, Komdu og skoðaðu hafið, Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu húsdýrin.

Heimanám

Engin föst heimavinna er í samfélagsfræði en af og til koma áhugaverð verkefni fyrir sem unnið er með áfram heima.

Námsmat

Metin verður vinna nemenda, áhugi þeirra á viðfangsefnum og samvinna. Skrifleg umsögn verður að vori.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari: Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Vikustundir: 1 kennslustund

- Markmið að nemendur:
- gangi vel um og fylgi reglum sem gilda í tölvustofunni
- gangi vel um spjaldtölvurnar og læri að ganga frá þeim
- fylgist vel með í kennslustundum og fari eftir fyrir mælum
- þekki heitin á helstu hlutum tölvunnar s.s. tölva, skjár, lyklaborð, mús
- þekki helstu hnappa á lyklaborði
- læri að nota einföld forrit
- staðsetji fingur rétt á heimalykla
- öðlist þekkingu á grunnatriðum forritunar
- læri að vinna með ólík forrit bæði tengt ritvinnslu og forritun

Leiðir: Nemendur fara í tölvustofu þar sem kennari kynnir undirstöðuatriði í vinnuumhverfi tölvunnar, rétta líkamsbeitingu og hvernig beita eigi mús. Nemendur æfa sig í að skrá sig inn í tölvukerfi skólans, vinna í kennsluforritum, teikna myndir, skrifa texta og æfa fingrasetningu með vefnum Fingrafimi á vef Námsgagnastofnunar. Nemendur læra einnig á grunnatriði í forritun með hjálp nokkurra forrita í spjaldtölvum og á netsíðum þar sem kennd er forritun. Einnig fá nemendur að kynnast fjölbreyttum mismunandi námsleikjum í gegnum Osmo og öðrum forritanlegum tækjum.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara og af netinu. Forritunarforritin: Code.org, codespark, Scratch, Tynker, sprite box, box island ásamt fleiri smáforritum. Osmo - stærðfræði, stafir, pizza og co og coding jam. Fingrafimi á vef mms.is. Ásamt öðru fjölbreyttu efni.

List- og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum það sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningaleiðir. Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar fyrir lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og við lok 10. bekkjar flokkast undir menningarläsi.

Heimilisfræði

Kennari: Ragnheiður Dröfn Benediksdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Hæfniviðmið

Í hæfniviðmiðum í heimilisfræði eru dregin saman í flokka viðmið sem eru lík að upplagi. Þetta er gert til að auðvelda kennurum að hafa yfirsýn yfir þá námsþætti sem verið er að vinna með hverju sinni. Hæfniviðmið í heimilisfræði koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina. Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru, Matur og lífshættir, matur og vinnubrögð, matur og umhverfi og matur og menning.

Matur og lífshættir

Að nemandi geti: Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti

Matur og vinnubrögð

Að nemandi geti: útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.

Matur og umhverfi

Að nemandi geti: Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni

Matur og menning

Að nemandi geti: tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hatíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

- Að vinna saman og að vera sjálfstæð í vinnubrögðum.
- Að nem. öðlist skilning á tengslum milli: Hollustu, heilbrigðis og hreinlætis.
- Að nem. þekki heiti helstu eldhúsáhalda og hvernig á að vinna með þau.
- Að efla áhuga nem. á samvinnu á heimilum.

Námsþættir	Viðfangsefni
Eldhúsáhöld	Hugtök, heiti og hvernig má nota.
Hreinlæti	Handþvottur, uppþvottur, borðklútar.
Næring og hollusta	Fæðuhringurinn, heiti og flokkun á fæðu hring, tannvernd.
Matvælafræði	Hvaðan fáum við matvælin og hvernig flokkum við hráefni
Annað	Umhverfisvernd, hvernig getum við farið vel með náttúruna, flokkun á sorpi.

Námsgögn

Heimilisfræði 2. fyrir 2. bekk, myndbönd um heimilishald og tannvernd. Fæðuhringurinn.

Námsmat

Metinn er hver tími fyrir sig, lagt er mat á : virkni og frumkvæði, umgegni, hegðun, áhuga og verkefnavinnu og einkunn gefin í lok anna.

Hönnun og smíði

Kennari: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir hálfan veturinn.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka og eru þeir megináherslusvoð greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis og skiptast í: handverk, hönnun og tækni og umhverfi.

Umhverfi

Að nemandi:

- sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri
- sé meðvitaður um góða umgengni í smíðastofunni
- sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnusvæði
- sýni vinnu annarra virðingu
- átti sig á mikilvægi þess að ganga rétt frá
- þekki algengustu byggingaefni í umhverfi sínu
- geri sér grein fyrir að náttúruauðlindir eru ekki óþrjótandi og því þurfi að fara vel með allan efnivið
- þekki rafknúin tæki í umhverfi sínu

Handverk

Að nemandi:

- þekki og geti notað grunnverkfærin hamra, sagir og raspa
- þekki mun á fínun og grófum sandpappír og geti notað hann
- hafi notað einfaldar gerðir samsetninga, s.s. lím og nagla
- geti notað helstu mælitæki, s.s. málstokk og málband
- geti málað með vatnsleysanlegum efnum og valið pensla við hæfi
- geri raunhæfar kröfur til eigin getu og færni

Hönnun og tækni

Að nemandi:

- hafi unnið að hugmyndavinnu
- geti gert einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni
- skilji framvindu vinnuferlis
- geti gert vinnulýsingu á verkefninu fyrir verkefnaöppu

Kennsluhættir

Í hönnun og smíði er stefnt að því að gera nemendur sjálfstæða í verki til að þroska verkfærni og verkkunnáttu. Nemendum eru kennd rétt vinnubrögð frá upphafi og rétt umgengni við vinnusvæði og verkfæri þar sem öryggi þeirra og annarra í smíðastofunni skiptir miklu máli. Þema vetrarins er endurnýting og er því stefnt að því að gera nemendur meðvitaðri um umhverfi sitt ásamt því að þeir læri að nýta efnisheiminn. Nemendur eru studdir í því að setja sér raunhæf markmið og hjálpað að gera

sér grein fyrir framförum. Náminu er ætlað að þroska skipulags-hæfileika nemenda og þurfa þeir að öðlast skilning á því hvernig verk er brotið upp í verkþætti. Námsmatið er einstaklingsmiðað og leitast við að koma til móts við áhugasvið hvers og eins nemanda þegar verkefni eru valin. Markmið hönnunar og smíða er að hjálpa nemendum að skynja og meta fallega hönnun, handverk, hagnýtingu tækni og að skilja uppbyggingu atvinnulífsins. Nemendur fá að kynnast fornu handverki og nútíma handverki þar sem þeir gera sér grein fyrir samhengi nútíðar, fortíðar og framtíðar.

Nemendum er úthlutað verkefnum sem þau vinna með og leysa eftir bestu getu.

Námsmat

Námsmatið er einstaklingsmiðað og metið er eftir hæfniviðmiðum. Kennari kynnir fyrir nemendum hvernig námsmatið mun fara fram og miðar verkefni við að hvaða hæfniviðmiðum er stefnt.

Myndmennt

Kennari: Gréta Sigurðardóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir hálfan veturinn.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í sjónlistir koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina.

Efnisþættir:

- Teikning, málun, úrklippur, pappabrykk.
- Myndræn frásögn út frá nánasta umhverfi, upplifun á sögu og fleira.
- Grunnform og náttúruleg form.
- Grunnlitirnir, einfaldar litablöndur.
- Nálægð og fjarlægð í mynd.
- Myndskoðun út frá eigin verkum.
- Myndbygging.
- Frágangur verkefna og áhalda.

Kennsluefni / kennslugögn

Ýmis myndlistagögn sbr. pappír, litir, föndurefni, efni af vef, listaverkabækur o.fl.

Kennsluhættir

Aðallega verður unnið út frá samþættingu við aðrar námsgreinar en einnig verður unnið út frá þroska og þörfum hvers og eins nemanda. Ef um sérstök viðfangsefni er að ræða verður byrjað á spjalli (innlögn) um viðfangsefni tímans. Unnið er mest með einstaklingsverkefni en inn á milli verða unnin hópverkefni. Nemendum verður sýnd myndverk og bækur til glöggvunar á þeim verkefnum sem þeir vinna með. Fyrst og fremst verða unnin myndræn frásögn úr nánasta umhverfi og upplifun.

Heimanám

Ekkert heimanám er í myndmennt.

Námsmat

Vinna nemanda í tímum metin þ.e.a.s. vinnusemi, áhugi, frágangur, árangur.

Textílmennt

Kennari: Ragnheiður Dröfn Benediksdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í textílmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina. Hæfniviðmiðum í textílmennt er skipt upp í þrjá efnisflokka þar sem megináherslusvið greinarinnar koma fram. Þessir flokkar eru: Handverk, aðferðir og tækni, Sköpun hönnuð og útfærsla og Menning og umhverfi

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur temji sér strax í upphafi sjálfstæð vinnubrögð og velji eins mikið sjálf og hægt er innan þeirra marka og aðferða sem þau eru að læra hverju sinni. Að nemendur gangi vel um og eigi góð samskipti við aðra.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Nemandi taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett. Að nemendur læri að meta gildi textílmennta til nytja, lista og tómsundaiðu.

Menning og umhverfi

Nemandi skoði íslenska ull og þau áhöld sem hafa verið notuð til vinnslu ullar.

Kennslugögn

Uppskriftir og vinnulýsingar sem kennari býr til sjálfur auk þess sem valið er úr fagblöðum, bókum eða af netinu.

Kennsluhættir

Miðast er við að gera nemandann, með vinnu sinni, sjálfbjarga í undirstöðuatriðum textílmennta. Að hann geti farið eftir verklýsingum og læri að vinna með þau tæki sem til þarf hverju sinni.

Verkefni

- Rifja upp þræðispor. Sauma dúk með þræðispori og tunguspori.
- Puttaprjóna.
- Dúskar, bangsi.
- Sokkasnjókarl- sjá hvað hægt er að endurvinna.
- Læra að sauma ýmis spor
- Vefa á disk, skreyta með perlum

Þeir sem ljúka verkefnum sínum fá aukaverkefni við hæfi.

Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í textílmennt.

Námsmat

Námsmat: Áhugi, vinnusemi, vandvirkni og hegðun metin með símati eftir hvern tíma. Umsögn gefin í lokin.

Skólaíþróttir

Kennari: Gunnar Andri

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda, Félagslegir þættir og heilsa og efling þekkingar

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.
- Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á samhæfingu
- Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
- Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.
- Synt sporðtök, bringusund, skólábaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.

Félagslegir þættir

- Sýnt góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast.
- Farið eftir leikreglum.
- Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Heilsa og efling þekkingar

- Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.

Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Kennsluefni / kennslugögn

Boltar og áhöld í íþróttahúsi og sundlaug. Ýmis hefti um íþróttir og skólasund til að styðjast við í kennslu.

Kennsluhættir

Nemendur taka þátt í æfingum, leikjum og þrautum (með eða án áhalda og tónlistar). Þeir fá þannig tækifæri til að: efla og reyna á samspil skynfæranna; þjálfra grunnhreyfingar; efla hraða, þol, kraft, viðbragð, líkamsreisl og líkamsstöðu. Auk þess eiga íþróttir að veita nemendum: útrás fyrir hreyfiþörf; tækifæri til skapandi hreyfinga og tækifæri til að öðlast öryggisfinningu í vatni. Með þátttöku í hópleikjum og annarri samvinnu fá nemendur tækifæri til að efla félagsþroska. Til að öryggisreglum sé fylgt, þannig að allir geta haft gaman af, þurfa nemendur að læra að umgangast íþróttahús, áhöld og tæki á öruggan hátt og læra að bregðast við fyrir mælum og merkjum kennara.

Kennsluáætlun

1. Önn skipt í tvö tímabil

1. Sund

Íþróttir: Úti/inni tímar e.veðri

2. Leikfimi

Leikir, stöðvaþjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálsar íþróttir, handbolti, körfubolti.

2. önn skipt í tvö tímabil

1. Leikfimi

- Leikir, stöðvaþjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálsar íþróttir, handbolti, körfubolti.

2. Sund

Námsmat

Prófa- og kennaramat. Í íþróttum er metin færni, áhugi og ástundun. Gefin er umsögn í janúar og umsögn í maí. Stuðst er við hæfniviðmið við lok 4. bekkjar Kennaramat felst í umsögnum um nám og vinnubrögð nemenda og er það hluti af símati skólans.